

**Álit umboðsmanns Alþingis  
vegna athugunar  
á afgreiðslutíma 48 sjálfstæðra  
stjórnsýslu- og úrskurðarnefnda.  
(Mál nr. 4193/2004)**

## Efnisyfirlit.

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>3</b>
1.1. Tilefni athugunar .....	3
1.2. Staða sjálfstæðra stjórnslu- og úrskurðarnefnda í stjórnkerfinu .....	4
1.3. Málshraðareglur .....	6
1.4. Framkvæmd athugunar .....	8
1.5. Helstu niðurstöður .....	9
<b>2. Fjöldi mála</b> .....	<b>11</b>
<b>3. Afgreiðslutími</b> .....	<b>15</b>
<b>4. Umsagnir, frestir og tilkynningar um tafir</b>	<b>23</b>
4.1. Umsagnir .....	23
4.2. Frestir .....	27
4.3. Tilkynningar um tafir .....	28
<b>5. Niðurstöður</b> .....	<b>31</b>
<b>6. Tilmæli</b> .....	<b>37</b>
Skrá yfir myndir og töflur .....	38

# 1. Inngangur

## 1.1. Tilefni athugunar.

Stofnun fjölmargra sjálfstæðra stjórnsýslunefnda og úrskurðarnefnda hefur einkennt þróun íslenskrar stjórnsýslu síðasta áratuginn. Þarna er um ræða nefndir sem ekki eru hluti af hinni eiginlegu stjórnsýslu ráðuneytanna og þeirra stofnana sem undir þau heyra heldur er kveðið á um sjálfstæði þeirra í lögum og þannig verða ákvarðanir þeirra ekki bornar undir ráðherra með stjórnsýslukæru. Í störfum mínum hef ég veitt því athygli að þrátt fyrir að í ýmsum tilvikum sé það bundið í lög hversu langan tíma þessar nefndir hafi til að afgreiða mál eða kveða upp úrskurði hefur afgreiðslutími sumra þeirra verið verulega langur. Í nokkrum tilvikum hafa þessi mál orðið tilefni athugana af minni hálfu og þá hafa gjarnan komið fram áform af hálfu nefndanna um að úr þessu yrði bætt. Það hefur þó ekki alltaf gengið eftir og ég taldi því rétt að gera almenna athugun á afgreiðslutíma 48 þessara nefnda og þá með það í huga að Alþingi og stjórnvöld fái í hendur gleggri upplýsingar um stöðu þessara mála og sem grundvöll ákvarðana um hvort tilefni sé til að hverfa að einhverju marki frá þeirri þróun að fjölga þessum nefndum.


Í samantekt sem Friðgeir Björnsson, héraðsdómari, vann og birt var árið 2005 kom fram að af þeim 58 nefndum sem yfirlit hans tók til höfðu 34 eða rúm 58% verið stofnaðar með lögum sem tóku gildi 1996 og síðar. Meirihluti nefndanna, nær sex af hverjum tíu, hefur starfað í áratug eða minna. Aðeins 8 nefndir hafa starfað í meira en þrjá áratugi en 16 nefndir í einn til þrjá áratugi samkvæmt yfirliti Friðgeirs.<sup>1</sup>

Athugun sú sem hér er birt tekur eins og áður sagði til 48 nefnda og má finna yfirlit yfir þær, málafjölda og meðalafgreiðslutíma þeirra í kafla 5. álitinu. Við val á þeim nefndum sem athugun mín beindist að hafði ég einkum í huga að velja þær nefndir sem fjalla um erindi eða ágreiningsmál sem borin eru fram af einstaklingum og lögaðilum.

---

<sup>1</sup> Úrskurðarnefndir í stjórnsýslunni, útg. forsætisráðuneytið 2005, bls. 29-30.

Mynd 1.1. Fjölgun nefnda 1976-2006.



### 1.2. Staða sjálfstæðra stjórnsýslu- og úrskurðarnefnda í stjórnkerfinu.

Samkvæmt 2. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands fara forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskránni og öðrum landslögum með framkvæmdarvaldið og í 14. gr. er mælt fyrir um að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Um þá ábyrgð eru nánari fyrirmæli í lögum um ráðherraábyrgð nr. 4/1963 og í 54. gr. stjórnarskrárinnar er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, heimilað að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu. Í 9. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, segir að ráðuneyti hafi eftirlit með starfrækslu stofnana sem undir það ber.

Sjálfstæðar stjórnsýslunefndir má skilgreina þannig að þar sé um að ræða nefndir sem fara með málefni á starfssviði ráðherra en er skipað til hliðar við þau stjórnvöld sem heyra undir yfirstjórn hans. Þessar stjórnsýslunefndir eru sjálfstæðar í þeim skilningi að ráðherra fer ekki með almennar stjórnunar- og efitrlitsheimildir gagnvart þeim. Af þeim sökum getur ráðherra ekki gefið þeim bindandi fyrirmæli um framkvæmd stjórnsýslu, nema hafa til þess lagaheimild og ákvörðunum slíkrar nefndar verður ekki skotið til ráðherra. Sjálfstæðum stjórnsýslunefndum verður einungis komið á fót með lögum.<sup>2</sup>

<sup>2</sup> Starfsskilyrði stjórnvalda, útg. forsætisráðuneytið 1999, bls. 89.

Verkefni þessara sjálfstæðu stjórnarsýslunefnda eru af ýmsum toga en í flestum tilvikum eru þetta verkefni sem almennt hafa áður verið leyst af hendi innan ráðuneytanna eða stofnana þeirra en einnig kunna að hafa komið til ný stjórnarsýsluverkefni sem hafa þá verið falin slíkrri nefnd. Dæmi um nefndir sem sinna stjórnarsýsluverkefnum á fyrsta stjórnarsýslustigi og ákvörðunum þeirra verður ekki skotið til ráðherra eru mannanafnanefnd, útvarpsréttarnefnd og bótanefnd vegna bótagreiðslna úr ríkissjóði til þolenda afbrota. Mest hefur þó fjölgunin orðið á úrskurðar- og kæruneftndum þar sem úrskurðarvald í kærumálum á æðra stjórnarsýslustigi hefur verið fært frá ráðherra til slíkrar nefndar. Einnig hefur verið stofnað til nokkurra kær- og álitsneftnda sem ekki kveða upp bindandi úrskurði heldur geta borgararnir snúið sér til þeirra og fengið rökstutt álit um hvort fylgt hafi verið réttum reglum á sviði sem nefndirnar starfa á. Dæmi um þetta eru kæruneftnd jafnréttismála, kæruneftnd fjöleignarhúsamála og kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Þarna er almennt ekki um það ræða að þessar nefndir séu að taka við úrskurðarvaldi sem áður hafi verið hjá viðkomandi ráðherra enda fyrst og fremst um að ræða ágreiningsefni á sviði einkaréttar. Í ákveðnum tilvikum kann viðkomandi ráðuneyti þó áður að hafa komið að túlkun og leiðbeiningum um framkvæmd þessara mála á grundvelli almenns eftirlits með framkvæmd viðkomandi laga. Stofnun umræddra nefnda er þá almennt hugsuð til að borgararnir geti með skjótum og einföldum hætti fengið túlkun sérhæfðs aðila á þeim réttarreglum sem á reynir og þá án þess að þurfa á því stigi ágreinings að leita til dómstóla, hvað sem síðar verður.

Hér verður ekki fjallað frekar um tilefni þess að umræddum nefndum hefur verið komið á fót og rök með og móti þeirri skipan. Ég læt þar nægja að vekja athygli á þeirri samantekt sem Friðgeir Björnsson hefur gert um þær skýringar sem fram hafa komið í athugasemdum við lagafrumvörp þegar stofnað hefur verið til þessara nefnda.<sup>3</sup> Það er fyrst og fremst viðfangsefni þessarar athugunar að kanna hvernig háttað hefur verið afgreiðslutíma þeirra mála sem þessar nefndir hafa fengið til umfjöllunar. En meðal þeirra sjónarmiða sem verið hafa uppi um tilefni þess að stofna til slíkra nefnda er að með því megi tryggja skjótari úrlausn ágreiningsmála en annars væri ef þessi verkefni yrðu áfram falin ráðuneytum og stofnunum þeirra eða borgararnir þyrftu að fara beint til dómstóla með þessi mál.

<sup>3</sup> Úrskurðarneftndir í stjórnarsýslunni, útg. forsætisráðuneytið, 2005, bls. 37-48.

### 1.3. Málshraðareglur

Hinar sjálfstæðu stjórnarsýslu- og úrskurðarnefndir eru hluti af stjórnarsýslu ríkisins og þeim ber því að fylgja stjórnarsýslureglum, bæði skráðum og óskráðum meginreglum í störfum sínum auk þeirra sérreglna sem kunna að gilda um störf þeirra. Það er ein af óskráðum grundvallarreglum stjórnarsýsluréttarins að ákvarðanir í málum skuli teknar svo fljótt sem unnt er. Að því er varðar þær ákvarðanir sem stjórnarsýslulögin taka til, þ.e. ákvarðanir um rétt eða skyldu manna, hefur þessi regla verið lögfest í 9. gr. laganna og til að tryggja framkvæmd hennar eru þar settar sérstakar reglur um fyrirkomulag þegar leitað er umsagnar og um tilkynningar um fyrirsjáanlegar tafir.

#### **9. gr.** Málshraði.

*Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er. Þar sem leitað er umsagnar skal það gert við fyrstu hentugleika. Ef leita þarf eftir fleiri en einni umsögn skal það gert samtímis þar sem því verður við komið. Stjórnvald skal tiltaka fyrir hvaða tíma óskað er eftir að umsagnaradili láti í té umsögn sína.*

*Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tejjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vanta.*

*Dragist afgreiðsla máls óhæfilega er heimilt að kæra það til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til.*

Það leiðir af stöðu hinna sjálfstæðu stjórnarsýslu- og úrskurðarnefnda að aðili sem á mál til meðferðar hjá slíkri nefnd getur ekki beitt kæruehimildinni í 4. mgr. 9. gr. en hann getur hins vegar vakið athygli viðkomandi ráðuneytis á óeðlilegum drætti á afgreiðslu máls síns og einnig getur hann leitað til umboðsmanns Alþingis með kvörtun.

Málshraðareglan er hluti af réttaröryggisreglum stjórnarsýsluréttarins og ætlað að stuðla að greiðri og skilvirkri stjórnarsýslu. Af fjölbreytileika í viðfangsefnum stjórnarsýslunnar leiðir hins vegar að almennt hefur löggjafinn ekki talið rétt að ganga lengra en miða við þá almennu reglu að mál skuli afgreidd svo fljótt sem unnt er. Í reglunni felst því áskilnaður um að aldrei megi vera um ónauðsynlegan drátt á afgreiðslu máls að ræða.<sup>4</sup> Reglunni um tilkynningar um fyrirsjáanlegar tafir og að þá skuli upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vanta er ætlað að halda aðila málsins upplýstum um stöðu þess.

<sup>4</sup> Páll Hreinsson: Stjórnarsýslulög, skýringarrit, Reykjavík 1994, bls. 97.

Í þeim sérstöku lagareglum sem gilda um einstakar sjálfstæðar stjórnarsýslu- og úrskurðarnefndir hefur löggjafinn í sumum tilvikum farið þá leið að lögbinda þann frest sem viðkomandi nefnd hefur til að ljúka afgreiðslu mála. Þess eru jafnframt dæmi að í lögum sé hnykkt á þeim skyldum sem annars leiddu af ákvæðum 9. gr. stjórnarsýslulaga um tilkynningar til málsaðila um fyrirsjáanlegar tafir. Dæmi um þessi ákvæði eru ýmis.

**23. gr. laga nr. 45/1996 um mannanöfn.**

*Mannanafnanefnd kveður upp úrskurði í þeim málum sem til hennar er vísað skv. 3. gr. og 4. mgr. 8. gr. Úrskurðir skulu kveðnir upp svo fljótt sem við verður komið og ekki síðar en innan fjögurra vikna frá því að mál berast nefndinni.*

**31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

*Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að henni berst mál í hendur. Sé mál viðamikilið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndin tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en átta vikur.*

**8. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, sbr. 4. gr. laga nr. 96/1998.**

*Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur eins fljótt og auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að henni hafa borist gögn sem um ræðir í 3. mgr. 6. gr. Ef gögn þessi berast ekki fyrir lok frests sem þar greinir skal sex mánaða fresturinn reiknast frá lokum þess frests.*

Af hálfu umboðsmanns Alþingis hefur ítrekað verið bent á að þegar löggjafinn hefur bundið fresti til afgreiðslu mála í lög með slíkum hætti ber stjórnvöldum að haga meðferð mála þannig að lögmæltir frestir til afgreiðslu þeirra séu haldnir. Sjá hér t.d. álit frá 29. apríl 1997 í máli nr. 1859/1996 og álit frá 26. nóvember 2002 í máli nr. 3508/2002 og bréf í máli nr. 3621/2002.<sup>5</sup> Það verður líka að gera ráð fyrir að löggjafinn hafi við lagasetninguna metið það svo að sá frestur sem tilgreindur er sé hæfilegur með tilliti til þeirra hagsmuna sem reynir á annars vegnar um réttan og nauðsynlegan undirbúning ákvörðunar eða úrskurðar og hins vegar þeirra aðila sem í hlut eiga. Við þetta mat löggjafans verða nefndarmenn að una og ef þeir telja frestina of knappa er rétt að þeir geri ráðuneyti viðkomandi málaflokks og þá eftir atvikum Alþingi grein fyrir því. Það verður síðan að vera ákvörðun Alþingis hvort rétt sé að gera breytingu þar á en það er ekki nefndarmanna sjálfrá að skammta sér frest í þessu efni.

<sup>5</sup> [www.umbodsmaduralthingis.is](http://www.umbodsmaduralthingis.is)

Á það verður einnig að leggja áherslu að oft eru þessar nefndir að fjalla um hagsmuni sem hafa verulega þýðingu fyrir borgarana, bæði persónulega og fjárhagslega. Því skiptir verulegu máli fyrir aðila slíkra mála að frá endanlega úrlausn stjórnvalda eins fljótt og unnt er.

Ítrekað skal að þegar löggjafinn hefur ekki lögbundið fresti nefndar til afgreiðslu máls þarf viðkomandi nefnd sjálf að móta sér það vinnulag sem fullnægir reglum 9. gr. stjórnslulaga. Það leiðir af reglunni um að tilkynna skuli um fyrirsjáanlegar tafir að stjórnvaldið þarf áður að hafa mótað sér einhverjar viðmiðanir um hversu lengi það telur að afgreiðsla viðkomandi máls eða mála af því tagi muni almennt taka. Og ekki síður á þetta við þegar stjórnvaldið þarf í slíkri tilkynningu að gera grein fyrir því hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Vegna hinnar mismunandi stöðu að lögum er í þessu álitu farin sú leið að birta niðurstöður annars vegar fyrir þær nefndir sem hafa lögbundna afgreiðslufresti eða hafa ákvæði um slíkt í reglum og hins vegar fyrir þær nefndir sem ber í starfi sínu að fylgja hinni almennu málshraðareglu.

#### **1.4. Framkvæmd athugunar.**

Ég hóf þess athugun með því senda 48 nefndunum bréf og óska upplýsinga um fjölda mála sem borist höfðu á ákveðnum tíma, afgreiðslutíma þeirra, hvort og hvenær umsagnarbeiðnir voru sendar, tilkynningar um tafir og fleira. Bréfin voru send 1. september 2004 og var óskað svara fyrir 1. október sama ár. Könnunartímabilið tók til mála sem nefndunum bárust frá 1. nóvember 2003 til 30. apríl 2004. Svör bárust fá öllum nefndunum, þau síðustu undir lok marsmánaðar 2005. Nefndunum bárust líðlega eitt þúsund mál á könnunartímabilinu en í ljós kom að nær fjórðungur þeirra var enn í vinnslu þegar nefndirnar sendu inn upplýsingar um störf sín. Í upphafi árs 2006 var ákveðið að gera aðra könnun til samanburðar og einnig að afla upplýsinga um afgreiðslu þeirra mála á fyrra könnunartímabili sem óafgreidd höfðu verið þegar nefndirnar sendu mér upplýsingar sínar. Seinna könnunartímabilið tók til mála sem bárust frá 1. janúar 2005 til 30. júní sama ár. Nefndunum voru send bréf með óskum um upplýsingar í byrjun maímánaðar 2006. Þrátt fyrir að þess væri nú gætt að láta líða lengri tíma frá lokum könnunartímabils þar til upplýsinga var óskað, en gert hafði verið í fyrri hluta könnunarinnar, var tíundi hluti mála enn óafgreiddur þegar nefndirnar veittu upplýsingar um störf sín.



Flestar nefndir sendu upplýsingar fyrir seinna könnunartímabilið innan tilskilins frests. En þrátt fyrir ítrekanir til þeirra sem ekki svöruðu innan frests, bárust engin svör frá þremur nefndum. Þetta eru bótanefnd um greiðslu á bótum til þolenda afbrota sem starfar skv. lögum nr. 69/1995, mannanafnanefnd sem starfar samkvæmt lögum nr. 45/1996 og úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta sem starfar samkvæmt lögum nr. 12/1997. Í tilviki bótanefndar upplýsti dóms- og kirkjumálaráðuneytið í september 2006 að óhæfilegur dráttur hefði orðið á afgreiðslu margra mála hjá nefndinni. Ráðherra hefði í sumar ákveðið að leysa nefndarmenn frá störfum og 1. ágúst sl. hefði nýskipuð nefnd tekið til starfa. Síðar greindi dómsmálaráðuneytið frá því vegna kvörtunar einstaklings til mín yfir töfum á meðferð máls síns hjá bótanefnd að 18. október 2006 hefðu 334 óafgreidd mál verið færð til hinnar nýskipuðu bótanefndar. Elstu málin á þessum lista eru frá árunum 2001 og 2002 og hafa því verið fjögur til fimm ár í vinnslu hjá bótanefnd.

Engar upplýsingar liggja fyrir um hvers vegna mannanafnanefnd og úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta svöruðu ekki beiðnum umboðsmanns Alþingis um upplýsingar um störf sín. Ég tek það fram að í þessum tilvikum kannaði ég hjá hlutaðeigandi ráðuneytum hvort umrædd fyrirspurnarbréf og ítrekunarbréf hefðu borist og fékk þau svör að svo hefði verið. Ég hef nú að nýju óskað eftir upplýsingum frá þessum tveimur nefndum. Jafnframt hef ég kynnt ráðuneytum þessara málaflokka beiðni mína.

Til viðbótar við nefndirnar 48 sem fyrri könnunin tók til var í seinni hlutanum ákveðið að óska einnig upplýsinga frá þremur nefndum sem nýlega hafa tekið til starfa. Þetta eru lyfjagreiðslunefnd sem starfar samkvæmt lögum nr. 83/2004, úrskurðarnefnd um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og fornleifanefnd. Tveimur þeim síðarnefndu bárust engin mál á könnunartímabilinu. Lyfjagreiðslunefnd afgreiddi hins vegar marga tugi mála. En til að niðurstöður fyrir fyrra og seinna tímabil yrðu sem sambærilegastar var ákveðið að halda upplýsingum lyfjagreiðslunefndar fyrir utan heildarúrvinnsluna. Miðað við þær er ástæða til að ætla að afgreiðsla mála sé almennt innan tímamarka skv. lögum.

### **1.5. Helstu niðurstöður.**

Helsta niðurstaða athugunarinnar er að nefndir með lögmeiltan afgreiðslutíma og nefndir með reglur um afgreiðslutíma afgreiða tæplega helming mála innan

tilskilins frests. Vísbindingar eru um að afgreiðslutíminn sé að lengjast. Fjöldi erinda og kæra er stöðugur og heldur vaxandi.

Meirihluta nefndanna berast tiltölulega fá mál, 26 nefndir af 48 afgreiddu 10 mál eða færri samtals á tveimur sex mánaða könnunartímabilum.

Nefndir með lögmæltan afgreiðslutíma fjalla um 75% málanna, nefndir með reglur um afgreiðslufrest fjalla um 9% mála en nefndir án reglna um afgreiðslutíma um 16%. Tilhögun öflunar umsagna er í mun fastari skorðum hjá nefndum með lögmæltan afgreiðslutíma en hjá nefndum í hinum flokkunum tveimur.

Mikill misbrestur er á því að nefndir fylgi lagafyrirmælum um að tilkynna málsaðilum þegar tafir verða á vinnslu mála. Aðeins var tilkynnt um tafir í tíunda hluta þeirra mála sem ástæða hefði verið til og fylgni við regluna var lakari á seinna könnunartímabilinu en því fyrra.

## 2. Fjöldi mála.


Samtals bárust öllum nefndum 1035 mál á fyrra könnunartímabilinu frá 1. nóvember 2003 til 30. apríl 2004. Á síðara tímabilinu frá 1. janúar 2005 til 30. júní 2005 bárust nefndunum 905 mál. Ekki er þó ástæða til að ætla að erindum til kær- og úrskurðarnefnda hafi fækkað á þessu tímabili. Skýringin á færri málum í seinni hluta könnunarinnar er sú að þrjár nefndir skildu þá engum gögnum um starfsemi sína. Um fimmtungur málanna á fyrra könnunartímabilinu var til meðferðar hjá þessum þremur nefndum. Hafi málafjöldi þeirra verið svipaður á seinna könnunartímabilinu hefur heildarfjöldi á því tímabili verið liðlega 1100 mál.

**Tafla 2.1. Skipting mála eftir könnunartímabilum og reglum um afgreiðslutíma:**

	Nefndir	Fyrri hluti		Seinni hluti		Samtals	
		Mál	%	Mál	%	Mál	%
Lögmæltur afgr.t.	24	715	69	751	83	1466	75
Reglur um afgr.t.	8	128	12	38	4	166	9
Engar reglur	16	192	19	116	13	308	16
Samtals	48	1035	100	905	100	1940	100


Af nefndunum 48 hafa 24 lögmæltan afgreiðslutíma, 8 hafa reglur sem ýmist er kveðið á um í reglugerð eða nefndirnar hafa sett sér sjálfar en 16 nefndir hafa engar fastmótaðar reglur um afgreiðslutíma. Eins og sjá má fjalla nefndir með lögmæltan

**Mynd 2.2. Skipting mála eftir reglum um afgreiðslutíma.**




afgreiðslufrest um 75% þeirra mála sem nefndunum bárust samtals á báðum könnunartímabilunum. Hlutfallið var 69% á fyrra tímabilinu en 83% á því síðara. Nefndir með reglur um afgreiðslutíma fjölluðu um 9% heildarfjöldans, hlutfallið var 12% á fyrra tímabilinu en 4% á því síðara. Nefndir án reglna um afgreiðslutíma fjölluðu í heild um 16% málanna, hlutfallið var 19% á fyrra tímabilinu en 13% á því síðara.

**Mynd 2.3. Skipting mála eftir reglum um afgreiðslutíma.**



Eins og sjá má er lítill munur á heildarfjölda mála nefnda með lögmæltan afgreiðslufrest milli könnunartímabila. Ein þeirra þriggja nefnda sem ekki skiluðu gögnum fyllir þennan flokk en vegna þess hve hann er stór er vægi hennar ekki mjög mikið. Öðru gegnir með hina tvo flokkana, nefndir sem hafa reglur og nefndir sem hafa þær ekki. Tvær nefndanna sem engum gögnum skiluðu eiga heima hvor í sínum flokki og fjölluðu um verulegan hluta málanna í hvorum flokki í fyrri hluta könnunarinnar. Ef við gefum okkur að þessar tvær nefndir hafi fengið jafn mörg mál á síðara könnunartímabilinu og á því fyrra væru 99 mál, eða 9% (í stað 38 mál, eða 4%) í flokkum “reglur” á seinna tímabilinu og í flokknum “ekki reglur” væru 204 mál eða 18% (í stað 116, eða 13%). Næsta mynd sýnir skiptingu málanna milli hinna þriggja flokka eftir könnunartímabilum að því gefnu að nefndirnar þrjár sem engum gögnum skiluðu fyrir seinni hluta athugunarinnar hafi þá fjallað um jafn mörg mál og þær gerðu á fyrra könnunartímabilinu.

**Mynd 2.4. Skipting mála eftir reglum um afgr.tíma – gefnar forsendur.**



Af upplýsingum um heildarfjölda mála sem nefndirnar 48 fengu til meðferðar á tveimur sex mánaða tímabilum á árunum 2003 til 2005 má ráða að fjöldi kæra sé stöðugur og heldur vaxandi. Vegna skorts á upplýsingum frá þremur nefndum með verulegan málafjölda verður ekki fullyrt um fjölgun mála milli könnunartímabila. Ef við hins vegar gefum okkur að þessar þrjár nefndir hafi fengið jafn mörg mál til meðferðar á seinna tímabilinu og þær höfðu á því fyrri, er heildarfjölgun kærumála á milli tímabila 8%.

Hér er nefndunum 48 skipt í fjóra flokka eftir málafjölda, í fyrsta flokki eru nefndir með 10 mál eða minna samtals á báðum könnunartímabilum, í öðrum flokki eru nefndir með 11-50 mál, í þriðja flokki nefndir með 51-100 mál og í fjórða flokki nefndir með meira en 100 mál. Varðandi síðastnefnda flokkinn verður að taka fram


**Tafla 2.5. Flokkun nefnda eftir málafjölda.**

Mál	0-10	11-50	51-100	>100	Samt.
Nefndir	26	10	6	6	48
Fjöldi mála	79	202	372	1499	2152
Hlutfall	4%	9%	17%	70%	100%

að í hann voru felldar þær þrjár nefndir sem engum gögnum skiluðu fyrir síðara könnunartímabilið. Reiknað var með að þær hefðu haft sama málafjölda þá og á fyrra könnunartímabilinu og raðað út frá því. Af þessum sökum er heildarfjöldi mála í töflunni 2152 í stað 1940 mála sem er sá fjöldi sem nefndirnar gerðu grein fyrir, 48 nefndir á fyrra tímabilinu en 45 á því síðara.

Af þeim 48 kær- og úrskurðarnefndum sem könnunin tók til fjallar liðlega helmingur um tiltölulega fá mál. Eins og sjá má á töflunni bárust 26 nefndum 10 mál eða færri samtals á báðum könnunartímabilunum. Til samans fjölluðu þessar 26 nefndir um 79 mál, sem er 4% heildarfjölda mála í könnuninni. Tuttugu og tvær nefndir fjölluðu um 96% málanna. Af 26 nefndum sem fjölluðu um 10 mál eða færri, barst 9 nefndum ekkert mál, á hvorugu könnunartímabilinu. Dæmi eru um að þær hafi ekki verið skipaðar og séu í raun aðeins til samkvæmt lagabókstafnum. Sex þessara 26 nefnda fjölluðu aðeins um 1 mál, samtals á báðum könnunartímabilum en 11 nefndir fjölluðu um 2-10 mál.

#### Mynd 2.6. Málafjöldi eftir flokkum nefnda.




Tíu nefndir fjölluðu um 11-50 mál eða samtals um 202 mál á báðum könnunartímabilum og eru það 9% heildarfjölda mála. Sé þessum tveimur flokkum nefnda slegið saman sjáum við að 36 nefndir, eða 75% nefndanna, fjalla um 13% málanna. Með öðrum orðum 12 nefndir, eða 25% nefndanna, fjalla um 87% málanna sem sjálfstæðum stjórnslu- og úrskurðarnefndunum bárust í heild á þessum tveimur sex mánaða könnunartímabilum. Sex nefndir fjalla um 51-100 mál og jafn margar um meira en eitt hundrað mál.

### 3. Afgreiðslutími.

Lögmæltir frestir um afgreiðslutíma og frestir samkvæmt sérstökum reglum eru mjög mislangir. Oftast er upphaf afgreiðslutíma miðað við það tímamark þegar erindi eða kæra barst en nokkrar nefndir miða þó við það tímamark þegar öll gögn máls liggja fyrir eða þegar vettvangsskoðun hefur farið fram. Fáar nefndir hafa skemmri lögmæltan afgreiðslufrest en 1 mánuð og aðeins ein, yfirskattanefnd, lengri tíma en 3 mánuði. Skemmsta frestinn hefur úrskurðarnefnd um fóstureyðingar eina viku en lengsta lögmæltan frestinn hefur sem fyrr segir yfirskattanefnd, 6 mánuði eftir að gögn liggja fyrir. Lengstan frest samkvæmt reglum hefur áfrýjunarnefnd um hugverkaréttindi á sviðið iðnaðar allt að 15 mánuði ef aðili máls er erlendur og ef allir umsagnarfestir eru nýttir til hins ítrasta.

Eins og fram kom í síðasta kafla hafa 24, eða 50%, þeirra 48 nefnda sem könnunin tók til lögmæltan afgreiðslutíma. Þessar nefndir fjölluðu um 75% af heildarfjölda mála á báðum könnunartímabilunum. Samtals voru þetta 1466 mál, 88 voru framsend eða afturkölluð og 84 voru enn óafgreidd þegar upplýsingar voru sendar umboðsmanni. Afgreiðsla var lokið í 1294 málum. Þar af lauk afgreiðslu innan lögmæltis afgreiðslufrests í 653 málum. Í 641 máli var afgreiðsla lokið eftir að lögmæltur afgreiðslutími var liðinn og 81 þeirra 84 mála sem voru óafgreidd höfðu verið lengur í vinnslu en lögmæltur afgreiðslutími sagði til um. Samtals voru því 653 mál, eða 47,5%, afgreidd innan lögmæltis frests en 722, eða 52,5%, voru lengur í meðferð en lögmæltur frestur segir til um. Af nefndunum 24 þar sem málsmeðferð lýtur lögmæltum afgreiðslufresti fóru 19 yfir frestinn, 2 afgreiddu öll mál innan frests en 3 nefndum barst ekkert mál.

**Mynd 3.1. Afgr.t. m.t.t. lögm. frests. Mynd 3.2. Afgreiðslutími m.t.t. reglna.**




Hjá 8 nefndum af 48 er kveðið á um afgreiðslufrest í reglugerð eða þær hafa sett sér reglur um málsmeðferðartíma þar sem kveðið er á um afgreiðslufrest. Þessum nefndum bárust samtals 166 mál á báðum könnunartímabilunum. Þar af voru 7 mál afturkölluð eða framsend til annars stjórnvalds. 12 mál voru enn óafgreidd þegar upplýsingar voru sendar umboðsmanni en 10 þeirra höfðu þá verið lengur í vinnslu en málshraðareglur sögðu til um. Eftir standa 157 mál. Þar af voru 94 mál, eða 60% afgreidd innan þess tíma sem reglur kváðu á um en 63 mál, eða 40%, voru afgreidd á lengri tíma eða voru komin yfir tímamörk og enn óafgreidd þegar upplýsingar voru veittar. Sex nefndir af 8 fóru yfir hámarksafgreiðslutíma samkvæmt reglum, ein fékk ekkert mál og ein afgreiddi sitt eina mál innan frests.

Afgreiðslutími hjá 16 af 48 nefndum er hvorki lögmæltur né lýtur sérstökum reglum þannig að um hann gilda einungis málshraðaregla 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 eða almennar reglur stjórnarsýsluréttarins um að mál skuli afgreiða svo fljótt sem verða má að því tilskyldu að þau fái fullnægjandi meðferð. Samtals voru 308 mál, eða 16% mála í könnuninni til meðferðar hjá þessum nefndum.


Ef slegið er saman málafjölda nefnda með lögmæltu fresti og nefnda þar sem ákveðnar reglur gilda um afgreiðslutíma er niðurstaðan sú að afgreiðsla heldur fleiri mála dregst fram yfir fest en afgreidd eru innan frests. En munurinn er ekki mikill, 48,8% mála eru afgreidd innan frests en afgreiðsla 51,2% dregst fram yfir festinn. Hér er um að ræða 1532 mál, 747 innan frest en 785 afgreidd á lengri tíma en lög eða sérstakar reglur um málsmeðferðartíma segja til um.



**Mynd 3.3. Afgr.tími m.t.t. lögmæltis frests og reglna.**



Blár (ljós) hluti súlnanna á næstu mynd sýnir skiptingu mála nefndanna á fyrri könnunartímabilinu eftir afgreiðslutíma en rauður (dökkur) hluti súlnanna sýnir skiptingu mála á seinna könnunartímabilinu. Súlan lengst til hægri sýnir mál sem voru lengur en 12 mánuði í meðferð. Þau höfðu raunar ekki öll verið afgreidd þegar upplýsingarnar voru veittar því í þennan flokk voru einnig felld óafgreidd mál sem höfðu verið lengur en 12 mánuði í vinnslu. Á þessari mynd er ekki gerð grein fyrir málum sem höfðu verið afturkölluð eða framsend öðru stjórnvaldi og heldur ekki málum sem enn voru í vinnslu hjá nefndunum þegar upplýsingar voru veittar en höfðu verið skemmri tíma en 12 mánuði til meðferðar. Upphaf málsmeðferðar er hér í öllum tilvikum miðað við dagsetningu eða móttöku kæru en ekki upphaf þess afgreiðslutíma sem sumar nefndir miða við þegar lögmæltur afgreiðslutími eða afgreiðslutími samkvæmt reglum er ákvarðaður.

**Mynd 3.4. Afgreiðslutími mála í mánuðum.**

Súlan lengst til vinstri sýnir mál sem voru afgreidd innan eins mánaðar, næsta súla sýnir mál sem voru afgreidd á einum til tveimur mánuðum og þannig koll af kalli. Athygli vekur að á fyrra könnunartímabilinu voru hlutfallslega fleiri mál afgreidd innan mánaðar en á seinna tímabilinu. Meginskýringin er sú að tvær af þeim þremur nefndum sem engar upplýsingar veittu um afgreiðslu mála á síðara könnunartímabilinu afgreiddu meirihluta sinna mála á fyrra tímabilinu, samtals nær eitt hundrað mál, innan eins mánaðar. Ef upplýsingar hefðu fengist frá þeim fyrir síðara tímabilið og afgreiðslutími verið svipaður og á því fyrra má ætla að álíka mörg mál hefðu verið afgreidd innan mánaðar á seinna tímabilinu og raunin var á hinu fyrra. Þriðja nefndin sem engar upplýsingar fengust frá varðandi síðara tímabilið hafði hins vegar langan afgreiðslutíma, meira en þriðjungur af hennar málum á fyrra tímabilinu var óafgreiddur þegar upplýsingar voru veittar. Þar af höfðu tveir þriðju málanna verði meira en eitt ár í vinnslu. Hefðu fengist upplýsingar frá þessari nefnd vegna seinna tímabilsins má því ætla að rauður (dökkur) hluti súlunnar lengst til hægri hefði orðið enn hærri en raunin varð.

**Tafla 3.5. Afgreiðslutími allra mála.**

	Fyrri	%	Upps.	Seinna	%	Upps.	F+S	%	Upps.
0-1 mán.	199	19,2		104	11,5		303	15,6	
1-2 mán.	161	15,6	34,8	170	18,8	30,3	331	17,1	32,7
2-3 mán.	109	10,5	45,3	106	11,7	42,0	215	11,1	43,8
3-4 mán.	84	8,1	53,4	65	7,2	49,2	149	7,7	51,5
4-5 mán.	55	5,3	58,7	39	4,3	53,5	94	4,8	56,3
5-6 mán.	39	3,8	62,5	29	3,2	56,7	68	3,5	59,8
6-7 mán.	47	4,5	67,0	34	3,8	60,5	81	4,2	64,0
7-8 mán.	43	4,2	71,2	27	3,0	63,5	70	3,6	67,6
8-9 mán.	31	3,0	74,2	22	2,4	65,9	53	2,7	70,3
9-10 mán.	49	4,7	78,9	18	2,0	67,9	67	3,4	73,7
10-11 mán.	18	1,7	80,6	26	2,9	70,8	44	2,3	76,0
11-12 mán.	28	2,7	83,3	33	3,6	74,4	61	3,1	79,1
>12 mán.	104	10,1	93,4	159	17,6	92,0	263	13,6	92,7
Óafgreitt	11	1,1	94,5	12	1,3	93,3	23	1,2	93,9
Afturk./frams.	57	5,5	100	61	6,7	100	118	6,1	100
	1035			905			1940		

Eins og sjá má eru ekki stórfelldar sveiflur í afgreiðslutíma milli könnunartímabila. Skýrlega kemur þó fram að afgreiðslutími er að jafnaði ívið lengri á síðara könnunartímabilinu en var á því fyrri og bendir það til þess að afgreiðslutími hinna sjálfstæðu stjórnarsýslu- og úrskurðarnefnda sé almennt að lengjast. Á fyrri könnunartímabilinu var búið að afgreiða 45,3% mála þegar þrjú mánuðir voru frá því erindi barst en á seinna tímabilinu var hlutfallið 42%. Á fyrri tímabilinu voru 62,5% mála afgreidd innan sex mánaða en á seinna tímabilinu var hlutfallið 56,7%. Á fyrri tímabilinu hafði nefndunum tekist að afgreiða 74,2% mála þegar níu mánuðir voru frá móttöku erindis en á seinna tímabilinu var hlutfallið 65,9% og er munurinn er 8,3%. Á fyrri tímabilinu afgreiddu nefndirnar 83,3% mála innan árs en á seinna tímabilinu 74,4% og er munurinn 8,9%. Skýrastur er þó munurinn þegar skoðað er hlutfall þeirra mála sem tók meira en eitt ár að afgreiða. Þetta átti við um 10,1% mála á fyrri könnunartímabilinu en 17,6% mála á síðara tímabilinu. Sem fyrr segir voru á báðum

tímabilunum felld í þennan flokk mál sem voru óafgreidd hjá nefndum ef þau höfðu verið þar til meðferðar í meira en ár. Eftir standa á báðum tímabilum fáein mál sem voru óafgreidd en höfðu verið skemur en eitt ár í vinnslu þegar upplýsingar voru veittar. Gera má ráð fyrir að afgreiðslutími flestra þessara mála verði lengri en eitt ár.

Af 24 nefndum með lögmæltan afgreiðslufrest voru 11 sem afgreiddu meirihluta mála á lengri tíma en lög mæla fyrir um. Hjá 12 nefndanna var meðalafgreiðsutími lengri en lögmæltur afgreiðslutími. Dæmi er um að meðalafgreiðslutími nefndar sé meira en sjöfaldur lögmæltur afgreiðslutími. Af 8 nefndum sem hafa reglur um afgreiðslutíma fóru 4 yfir þau tímamörk í meirihluta mála. Hjá einni þessara nefnda var meðalafgreiðslutími meira en þrefalt lengri en hámarkstími sem reglur kváðu á um.

Samkvæmt framansögðu fóru 15 af 32 nefndum með lögmæltan afgreiðslufrest eða reglur um afgreiðslufrest yfir þau viðmiðunarmörk í meirihluta málanna sem komu til þeirra kasta. Hér er þó ekki allt sem sýnist, í þessum 32 nefnda hópi eru 9 sem ekki fjölluðu um neitt mál eða aðeins um eitt samtals á báðum könnunartímabilunum. Eftir standa 23 nefndir með meira en 1 mál og var afgreiðslutími 15 þeirra í meirihluta mála lengri en viðmið samkvæmt lögum eða reglum. Á töflunni sést að nefndir með yfir 100 mál koma best út varðandi afgreiðslutíma.

**Tafla 3.6. Afgreiðslutími nefnda m.t.t. flokka.**

	0-10	11-50	51-100	>100	Samt.
Nefndir	7	7	5	4	23
Nefndir með meirihl. á of löngum tíma	5	5	4	1	15

Um 75% þeirra mála sem nefndirnar í athuguninni fjölluðu um gilda lögmæltir afgreiðslufrestir. Þegar löggjafinn hefur farið þá leið að mæla fyrir um tiltekinn frest sem stjórnvöld hafa til að afgreiða mál ber stjórnvöldum að skipuleggja störf sín þannig að tryggt sé að þeir frestir séu haldnir. Þegar ekki er við lögbundna fresti að styðjast ber stjórnvöldum að sjá til þess að mál séu afgreidd án ástæðulausra tafa, eins og segir í 9. grein stjórnsýslulaganna. Í því felst að þeim er skylt að gera eðlilegar

ráðstafanir til þess að mál séu til lykta leidd eins fljótt og unnt er, meðal annars að sjá til þess eftir því sem við verður komið að aðgerðir annarra stjórnvalda eða aðila sem koma að meðferð mála, tefji ekki afgreiðslu þeirra.

Í svarbréfum nefndanna til mín koma fram ýmsar skýringar á því að afgreiðsla mála hafi dregist fram yfir lögmæltan frest, frest samkvæmt reglum eða fram yfir það sem eðlilegt megi telja. Meðal nefndra ástæðna eru annir nefndarmanna og starfsmanna nefnda við önnur verkefni, ótímabundin frestun mála á meðan leyst er úr ágreiningi fyrir dómstólum, framlenging fresta til að skila umsögnum eða gögnum, oft að beiðni þess sem borið hefur fram erindi eða kæru, ákvarðanir um að gefa aðilum tækifæri til að skila viðbótargögnum eða lagfæra innsend gögn, misritun heimilisfanga í umsagnarbeiðnum, tafir á afhendingu umsagna eða greinargerða til nefnda, m.a. vegna mistaka sendanda við póstlagningu, nauðsyn á að afgreiða fleiri mál á sama tíma og skylda nefnda til að afla sjálfstætt upplýsinga eða sérfræðilegra gagna sem hafi borist seint. Þar að auki eru nefndar ástæður svo sem aukinn fjöldi og umfang mála, flutningur nefndar milli starfsstöðva, óskir málsaðila um að meðferð mála sé frestað, boðaðar breytingar á lögum, greiðslufyrirkomulag og vangoldnar greiðslur til nefndarmanna, varamenn hafi tekið sæti vegna vanhæfis nefndarmanna og persónuleg áföll nefndarmanna, veikindi og andlát.

Út af fyrir sig er ekki ástæða til að draga þessar skýringar í efa en eigi að síður er óviðunandi að málsmeðferð hjá sjálfstæðum stjórnslu- og úrskurðarnefndum taki til muna lengri tíma heldur en nefndunum hefur verið ætlaður samkvæmt lögum eða reglum og þá þannig að afgreiðsla mála taki meira en eitt ár og jafnvel tvö og allt upp í þrjú ár eins og nokkur dæmi eru um. Í svarbréfum nokkurra nefnda með ólögmæltan afgreiðslutíma kemur fram að þar sem þau mál sem nefndinni berast séu mjög fá hafi nefndin ekki sett sér skráðar reglur um málsmeðferð svo sem um fresti og heildarafgreiðslutíma. Þetta er til dæmis raunin hjá nefnd einni sem barst eitt mál á fyrra könnunartímabilinu en ekkert á því síðara. Málinu var ólokið þegar gögnum vegna fyrri hlutans var skilað. Í síðari hluta athugunarinnar var spurt um þetta mál eins og önnur sem óafgreidd höfðu verið þegar gögn vegna fyrri tímabils voru send inn. Í svari vegna síðari hlutans segir formaður nefndarinnar að málið hafi borist áður en hann var skipaður formaður og hafi verið ákveðið að varaformaður lyki meðferð þess. Það hafi því miður dregist en úrskurður var kveðinn upp daginn áður en svarbréfið var ritað. Formaðurinn viðurkennir að dregist hafi úr hömlu að ljúka málinu án þess að á því séu frambærilegar skýringar. Afgreiðslutími þessa máls var

775 dagar og hafði nefndin sem fyrr segir ekki önnur mál til meðferðar á þeim tíma. Í úrskurðinum kemur fram að lægra stjórnvald, það sem kæran beindist að, hafi ekki lokið málinu í samræmi við lagalegt hlutverk sitt og úrskurðaði nefndin að stjórnvaldið skyldi úrskurða í málinu að nýju. Í úrskurði nefndarinnar segir að afgreiðsla málsins hafi tafist vegna mikilla anna varaformanns en aðrir nefndarmenn hafi fyrst komið að því fjórum dögum áður en úrskurðurinn féll.

## 4. Umsagnir, frestir og tilkynningar um tafir.

### 4.1. Umsagnir.

Þær sjálfstæðu stjórnslu- og úrskurðarnefndir sem athugunin tók til leituðu umsagna í 85,6% þeirra mála sem þær fjölluðu um. Í töflunni hér að neðan er gerð grein fyrir hlutfalli mála þar sem umsagna var leitað, brotið niður eftir könnunartímabilum og því hvort afgreiðslufrestur er lögbundinn, lýtur reglum eða er ólögætum og án reglna. Fjöldi mála er 1822, sem höfðu hlotið afgreiðslu eða voru óafgreidd hjá nefndunum þegar upplýsingum var safnað. Mál sem voru afturkölluð eða framsend öðru stjórnvaldi eru ekki með í þessari samantekt.

**Tafla 4.1.1. Fjöldi og hlutfall álitsumleitana.**

	Úrsk. Óafgr.	Umsagna leitað	%	Ums. ekki leitað	%
Nefndir með lögb.fr. F. hl.	681	587	86,2	94	13,8
“ “ “ S. hl.	697	668	95,8	29	4,2
Nefndir með reglur F. hl.	121	106	87,6	15	12,4
“ “ “ S. hl.	38	37	97,4	1	2,6
Nefndir án reglna F. hl.	176	102	58,0	74	42,0
“ “ “ S. hl.	109	59	54,1	50	45,9
	1822	1559	<b>85,6</b>	263	<b>14,4</b>

Á fyrra könnunartímabilinu leituðu nefndir með lögmæltan afgreiðslutíma umsagna í 86,2% mála. Á seinna tímabilinu er hlutfallið hins vegar 95,8%. Skýringin á muninum er sú að nefnd sem veitti engar upplýsingar um störf sín á seinna tímabilinu leitar ekki umsagna. Hún fékk 63 mál til meðferðar á fyrra tímabilinu og leitaði ekki umsagnar í neinu þeirra. Miðað við sama vinnulag nefndarinnar og svipaðan málafjölda á seinna tímabilinu hefði heildarhlutfall mála þar sem umsagna var ekki leitað orðið svipað fyrir bæði tímabilin, 12-14%.

Nefndir með reglur óska umsagna í 87,6% mála á fyrra könnunartímabili en á því síðara er hlutfallið 97,4%. Ekki er einhlít skýring á muninum, að nokkru leyti stafar hann af því að upplýsingar vantar frá einni nefnd um seinna tímabilið en sá skortur skýrir þó ekki muninn nema að litlum hluta. Hlutfallið á seinna tímabilinu

hefði verið 94,7% að því gefnu að nefndin sem um ræðir hafi leitað umsagna í sama mæli og hún gerði á fyrra könnunartímabilinu.

Nefndir sem hvorki hafa lögmæltan afgreiðslutíma né reglur afgreiða hlutfallslega miklu fleiri mál án umsagna en nefndir í hinum flokkunum tveimur. Á fyrra tímabilinu óskuðu nefndir í þessum flokki umsagnar í 58% mála en hlutfallið var 54,1% síðara tímabilinu. Í þessum flokki vantar upplýsingar frá einni nefnd um síðara tímabilið en miðað við starfshætti hennar á fyrra tímabilinu er upplýsingaskorturinn ekki afgerandi varðandi niðurstöður að þessu leyti.

Samtals leituðu nefndir með lögmæltan afgreiðslufrest og nefndir með reglur um afgreiðslutíma umsagna í 91% mála sem þær fjölluðu um á báðum könnunartímabilunum en aðeins 9% mála voru afgreidd án þess að umsagnar væri óskað. Af 24 nefndum með lögmæltan frest afgreiddu 15 nefndir tug mála eða meira, 2 afgreiddu mál almennt án umsagnar en hinar 13 leituðu umsagnar í svo að segja öllum málum. Nefndir án reglna um afgreiðslufrest leituðu umsagna í hlutfallslega mun færri málum en nefndir með lögbundna fresti og nefndir með reglur, hlutfallið var 56,5% heildarfjölda mála á báðum tímabilum.

#### Tafla 4.1.2. Hvenær umsagna var leitað – fjöldi mála.

	0-7 d.	8-14d.	15d-1m	1-2m	2-3 m	>3 m.
Lögb.fr. Fyrri hl.	400	113	37	26	6	5
" Seinni hl.	488	90	49	19	17	5
Reglur Fyrri hl.	74	14	12	2	2	2
" Seinni hl.	19	8	3	5	0	2
Án r. Fyrri hl.	45	20	23	7	2	5
" Seinni hl.	37	9	2	1	1	9
Samtals	1063	254	126	60	28	28
Hlutfall	<b>68,2%</b>	16,3%	8,1%	3,8%	1,8%	1,8%
Upps. hlutfall		<b>84,5%</b>	92,6%	96,4	98,2%	100%



Af þeim 1599 málum sem nefndirnar leita umsagnar í eru 68,2% komin í umsögn innan viku og þegar tvær vikur eru liðnar hafa 84,5% verið send umsagnaraðilum. Þegar mánuður er liðinn hafa 92,6% málanna verið send í umsögn. Aðeins 116 mál eða 7,4% eru send til umsagnar eftir að mánuður er liðinn. Þar sem meðferð einstakra mála hjá nefndunum var ekki könnuð liggur ekkert fyrir um það hvort einhver vinna fór fram í málunum 116 áður en þau voru send til umsagnar. Ef í ljós kemur við meðferð máls að nauðsynlegt er að óska álits getur verið fullkomlega eðlilegt að nokkur tími líði frá því að málsmeðferð hefst þar til málið er sent til umsagnar. Liggi það á hinn bóginn fyrir strax við móttöku erindis að afla þurfi utanaðkomandi álits ber að gera það svo fljótt sem verða má., sbr. reglu 2. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga en sú regla hefur það að markmiði að öflun umsagna leiði ekki til ónauðsynlegra tafa á meðferð máls. .

#### Tafla 4.1.3. Hvenær umsagna var leitað – hlutfall mála.

	0-7d.	8-14 d.	%	15d-1m	%	1-2 m.	> 3 m.	2-3 m.
Lögb.fr. F. hl.	68,1	19,3	<b>87,4</b>	6,3	<b>93,7</b>	1,0	4,4	0,9
Lögb.fr. S. hl.	73,1	13,5	<b>86,6</b>	7,3	<b>93,9</b>	2,5	2,8	0,8
Reglur F. hl.	69,8	13,2	<b>83,0</b>	11,3	<b>94,3</b>	1,9	1,9	1,9
Regur S. hl.	51,4	21,6	<b>73,0</b>	8,1	<b>81,1</b>	0,0	13,5	5,4
Án regl. F. hl.	44,1	19,6	<b>63,7</b>	22,5	<b>86,2</b>	2,0	6,9	4,9
Án regl. S. hl.	62,7	15,3	<b>78,0</b>	3,4	<b>81,4</b>	1,7	1,7	15,2

Eins og sést á töflunni eru nefndir með lögbundinn afgreiðslutíma þúar að senda um 87% mála í umsögn innan tveggja vikna og nær 94% mála innan mánaðar. Nefndir með reglur um afgreiðslutíma voru samkvæmt töflunni röskari að senda mál í umsögn á fyrra könnunartímabilinu en því síðara. Á því fyrra voru 83% mála komin í umsögn innan tveggja vikna og liðlega 94% innan mánaðar en hlutföllin eru 73% og 81% á seinna tímabilinu. Ef nefndinni sem ekki skilaði neinum gögnum fyrir seinna tímabilið er kippt úr tölunum fyrir fyrra tímabilið skýrist munurinn að nokkru leyti. Þá

verða hlutföllin 68% mála í umsögn innan tveggja vikna en 88,8% innan mánaðar á fyrra tímabilinu á móti 73% og 81% á seinna tímabilinu. Hér verður að hafa í huga að fjöldi mála að baki hvernar hlutfallstölu er ekki mikill. Á fyrra tímabilinu eru það 106 mál en 53 á því síðara og ef nefndinni sem ekki veitti upplýsingar um seinna tímabilið er kippt út eru tölurnar 53 mál á fyrra tímabilinu en 37 á því síðara. Jafnframt er rétt að líta á skiptinguna þegar könnunartímabilunum er slegið saman og málum aðeins skipt eftir því hvort nefndirnar sem um þau fjölluðu hafa lögmæltan afgreiðslufrest, reglur eða starfa án reglna um afgreiðslutíma.

**Tafla 4.1.4. Hvenær umsagna var leitað m.t.t. reglna um afgr.tíma.**

Tími	Nefndir með lögmæltu fr.			Nefndir með reglur			Nefndir án reglna		
	Fjöldi	%	Upps.%	Fjöldi	%	Upps.%	Fjöldi	%	Upps.%
0-7 d.	888	<b>70,8</b>		93	<b>65</b>		82	<b>50,9</b>	
8-14 d.	203	16,2	<b>87</b>	22	15,4	<b>80,4</b>	29	18	<b>66,9</b>
15 d -1 mán	86	6,8	<b>93,8</b>	15	10,5	<b>90,9</b>	25	15,5	<b>84,4</b>
1-2 m	45	3,6	97,4	7	4,9	95,8	8	5	89,4
2-3 m	23	1,8	99,2	2	1,4	97,2	3	1,9	91,3
>3 m	10	0,8	100	4	2,8	100	14	8,7	100
	1255			143			161		

Nefndir með lögmæltu afgreiðslufresti óska umsagnar innan viku í nær 71% mála þar sem beðið er um álit. Hlutfallið er lægra hjá nefndum með reglur, 65% og lægst hjá nefndum án reglna tæplega 51%. Hjá nefndum með lögmæltu afgreiðslufresti eru 87% mála send í umsögn innan tveggja vikna eftir að þau berast og innan mánaðar hefur beiðni um álit verið send vegna nær 94% mála. Hlutfallið er nokkru lægra hjá nefndum með reglur um afgreiðslutíma, rúm 80% fara í umsögn innan tveggja vikna og tæplega 91% innan mánaðar. En hlutfallið er lægst hjá nefndum sem starfa án reglna um afgreiðslutíma, þar fara tæp 67% mála í umsögn innan tveggja vikna og rúmlega 84% innan eins mánaðar.

#### 4.2. Frestir.

Þegar stjórnvöld óska umsagnar skulu þau tiltaka fyrir hvaða tíma óskað er eftir að umsagnaraðili láti umsögn sína í té. Þetta kemur fram í 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaganna. Samkvæmt upplýsingum frá nefndunum setja þær umsagnaraðila frest í 94,1% mála þar sem umsagnar er óskað en misbrestur er á því í 5,9% tilvika. Talsverður munur er á framkvæmd nefndanna að þessu leyti eftir því hvort þær hafa lögmæltan afgreiðslutíma, starfa samkvæmt reglum eða eru án sérstakra reglna um afgreiðslufresti. Nefndir með lögmæltan afgreiðslutíma setja umsagnaraðila frest í um 98% tilvika en í hinum flokkunum er framkvæmdin nokkuð sveiflukennd.

**Tafla 4.2.1. Setning fresta m.t.t. reglna um afgreiðslutíma.**

	Frestur	%	Ekki frestur	%
Lögm. Afgr.fr.	1229	97,9	26	2,1
Reglur	96	67,1	47	32,9
Án reglna	124	77,0	37	23,0
	1449	92,9	110	7,1

Samkvæmt töflunni setja nefndir sem hafa reglur um afgreiðslufresti umsagnaraðila frest í liðlega 67% mála en láta það ógert í nær 33% mála. Ein nefnd í þessum flokki skilaði engum gögnum í síðari hluta athugunarinnar. Í fyrri hlutanum var hún með flest mál af átta nefndunum í þessum flokki. Þar að auki setti hún umsagnaraðila frest í öllum málum þar sem umsagnar var óskað. Fjarvera nefndarinnar í síðari hluta könnunarinnar skiptir því verulegu máli. Ef við gerum ráð fyrir að hún hafi óskað umsagnar í jafn mörkum málum á seinna könnunartímabilinu og hún gerði á því fyrra og ávallt sett fresti verður útkoman í þessum flokki þannig að umsagnaraðila er settur frestur í 76% mála en í 24% mála er það ekki gert. Í flokki nefnda án reglna um afgreiðslutíma er sama staða uppi að því leyti að upplýsingar vantar frá einni nefnd af tólf fyrir síðara tímabilið. Á því fyrra var hún með flest mál í þessum flokki og setti ekki frest í neinu þeirra mála þar sem umsagnar var leitað. Ef

við gerum ráð fyrir sama mála fjölda og sömu starfsháttum hjá nefndinni á seinna tímabilinu verður útkoman sú að nefndir án reglna setji umsagnaraðilum fresti í 63,3% tilvika en láti það undir höfuð leggjast í 36,7% tilvika. Að þessu gefnu myndi taflan um setningu fresta líta út eins og hér að neðan er sýnt. Taka verður skýrt fram að hér er í tveimur tilvikum gengið út frá gefnum forsendum, sem eru örugglega ekki hárréttar en gefa hins vegar að öllum líkindum réttari mynd af starfsháttum kær- og úrskurðarnefnda án lögmæltis afgreiðslutíma varðandi setningu fresta. En vegna þess hve nefndir í þessum tveimur flokkum fjalla um lítið hlutfall allra mála breytist heildarniðurstaðan ekki mikið. Hlutfall mála þar sem frestur er settur lækkar um 1,8% úr 92,0% í 91,1% og hlutfall mála þar sem umsagnaraðila er ekki settur frestur hækkar um 1,8%, úr 7,1% í 8,9%.

#### Tafla 4.2.2. Setning fresta – að gefnum ákv. forsendum.

	Frestur	%	Ekki frestur	%
Lögm. Afgr.fr.	1229	97,9	26	2,1
Reglur	149	76,0	47	24,0
Án reglna	124	63,4	73	36,7
	1502	91,1	146	8,9

#### 4.3. Tilkynningar um tafir.

Samkvæmt stjórnslulögunum ber stjórnvaldi að skýra aðila máls frá því þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls hans muni tefjast. Upplýsa skal um ástæður tafar og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Eins og fram kom í kaflanum um afgreiðslutíma voru 722 mál lengur í meðferð hjá nefndum með lögmæltan afgreiðslufrest en fresturinn kvað á um og hjá nefndum með reglur um afgreiðslutíma var um 63 mál að ræða. Í öllum þessum málum hefðu viðkomandi nefndir að mínu mati átt að tilkynna um tafir á vinnslu máls, upplýsa um ástæður þeirra og gera málshefjanda grein fyrir því hvenær hann gæti vænst niðurstöðu. Mikill misbrestur er á að þetta hafi verið gert.

**Tafla 4.3.1. Tilkyningar um tafir.**

	Ástæða til tilk.	Tilk. um tafir	%	Ekki tilk.	%	Upplýst um ástæður tafa		Upplýst um afgreiðslutíma	
						já	nei	já	nei
Lögm.afgr.fr. F.hl.	359	47	13,1	312	86,9	47		35	12
Lögm.afgr.fr. S.hl.	363	17	4,7	346	95,3	15	2	6	11
Reglur F.hl.	42	9	21,4	33	78,6	8	1	7	2
Reglur S.hl.	21	2	9,5	19	90,5		2	2	
	785	75	9,6	710	90,4	70	5	50	25

Samtals hefði nefndum með lögbundna fresti og nefndum með reglur um afgreiðslutíma borið að tilkynna um tafir á vinnslu 785 mála á báðum könnunartímabilum en það var aðeins gert í 75 málum, eða 9,6% tilvika. Í flestum tilvikum, 70 af 75 var jafnframt tilkynnt um ástæður tafanna. Ekki voru hins vegar gefnar upplýsingar um hvenær afgreiðslu væri að vænta nema í tveimur af hverjum þremur tilvikum, eða í 50 málum af 75. Athyglisvert er að nefndirnar tilkynntu oftár um tafir á fyrra könnunartímabilinu en því síðara. Nefndir með lögbundna afgreiðslufresti gerðu þetta í 13,1% mála á fyrra tímabilinu en aðeins í 4,7 mála á seinna tímabilinu. Nefndir með reglur um afgreiðslufresti tilkynntu um tafir í 21,4% mála á um á fyrra könnunartímabilinu en á því síðara var hlutfallið 9,5%.

Af 16 nefndum sem hvorki hafa lögmæltan afgreiðslutíma né reglur tilkynntu 2 nefndir um tafir í 13 málum á fyrra könnunartímabilinu. Í 12 af þessum 13 málum var jafnframt upplýst um ástæður tafanna og í 11 tilvikum var málshefjanda greint frá því hvenær afgreiðslu mætti vænta. Á seinna tímabilinu tilkynnti aðeins ein þessara 16 nefnda um tafir í vinnslu, í þremur málum, jafnframt var upplýst um ástæður tafanna en ekki um hvenær niðurstöðu væri að vænta. Samtals voru 308 mál, eða 16% mála í könnuninni til meðferðar hjá þessum nefndum. Hjá nokkrum þeirra er meðalmálsmeðferðartími meira en 3 mánuðir og hjá einstökum nefndum fór hann yfir 6 mánuði. Eðli og umfang málanna er mismunandi og úrlausn þeirra tekur óhjákvæmilega misjafnlega langan tíma. Nánara mat á því hvað telst hæfilegur tími veltur á eðli máls og mati á aðstæðum í hverju tilviki að teknu tilliti til þeirrar

meginreglu að öll mál ber að afgreiða án ástæðulausra tafa og ber að haga allri meðferðinni í samræmi við það.

## 5. Niðurstöður.

Þau gögn sem aflað var frá 48 sjálfstæðum stjórnarsýslu- og úrskurðarnefndum gefa til kynna að fjöldi erinda sem þeim berast sé stöðugur og heldur vaxandi. Samtals fjalli nefndirnar um og afgreiði frá sér liðlega 2000 mál á ári. Gögnin eru frá tveimur 6 mánaða tímabilum, 1. nóvember 2003 til 30. apríl 2004 og frá 1. janúar 2005 til 30. júní 2005.

Helmingur nefndanna, 24 af 48 hafa lögmæltan afgreiðslutíma og fjalla þær í heild um 75% málanna. Nefndir með reglur um afgreiðslutíma, 8 af 48 fjalla um 9% mála en nefndir án reglna, 16 nefndir af 48 fjalla um 16% mála. Meirihluta nefndanna berast tiltölulega fá mál, 26 nefndir af 48 afgreiddu 10 mál eða færri samtals á báðum könnunartímabilunum. Þessar 26 nefndir fjölluðu aðeins um 4% heildarfjölda mála sem athugunin tók til. 10 nefndir fjölluðu um 11-50 mál, 6 nefndir fjölluðu um 51-100 mál og aðrar 6 má ætla að hafi fjallað um meira en 100 mál en þrjár af þessum nefndum skiluðu ekki upplýsingum um störf sín á síðara könnunartímabilinu.

Nefndir með lögmæltan afgreiðslufrest afgreiddu tæpan helming, 47,5% mála innan frestsins en rúmur helmingur, 52,5% var afgreiddur eftir að fresturinn var liðinn. Af 24 nefndum í þessum flokki afgreiddu 2 öll mál innan frests, 3 nefndum barst ekkert mál en 19 nefndir fóru yfir lögmæltan frest. Nefndir með reglur um afgreiðslutíma afgreiddu 60% mála innan þess frests sem reglurnar kváðu á um en 40% mála var lengur í meðferð. Sex af 8 nefndum í þessum flokki fóru yfir hámarksafgreiðslutíma samkvæmt reglum, ein fékk ekkert mál til meðferðar og ein afgreiddi sitt eina mál innan frests. Samanlagt afgreiddu nefndir með lögmæltan afgreiðslufrest og nefndir með reglur um afgreiðslufrest 48,8% mála innan frestsins en 51,2% mála voru lengur í meðferð.

Afgreiðslutími mála var að jafnaði ívið lengri á seinna könnunartímabilinu en því fyrra og bendir það til þess að málsmeðferðartími hinna sjálfstæðu stjórnarsýslu- og úrskurðarnefnda sé almennt að lengjast. Á fyrra könnunartímabilinu voru liðlega 45% mála afgreidd innan þriggja mánaða en á seinna tímabilinu var hlutfallið 42%. Á fyrra tímabilinu voru 62,5% mála afgreidd innan 6 mánaða en á seinna tímabilinu var hlutfallið 56,7%. Á fyrra tímabilinu hafði nefndunum tekist að afgreiða rúm 74% mála eftir 9 mánaða meðferð en á seinna tímabilinu var hlutfallið 65,9%. Á fyrra

tímabilinu afgreiddu nefndirnar 83,3% mála innan eins árs en á seinna tímabilinu var hlutfallið 74,4%. Munurinn er 8,9%. Með öðrum orðum þá tók meira en eitt ár að afgreiða 10,1% mála á fyrra könnunartímabilinu en á seinna tímabilinu var hlutfallið 17,6%.

Af 24 nefndum með lögmæltan afgreiðslufrest voru 11 sem afgreiddu meirihluta mála á lengri tíma en lög mæla fyrir um. Hjá 12 nefndum í þessum flokki var meðalafgreiðslutími lengri en lögmæltur afgreiðslutími. Dæmi er um að meðalafgreiðslutími sé meira en sjöfalt lengri en lögmæltur afgreiðslutími. Af 8 nefndum sem hafa reglur um afgreiðslutíma fóru 4 yfir þau tímamörk í meirihluta mála. Hjá einni þessara nefnda var meðalafgreiðslutími meira en þrefalt lengri en hámarkstími sem reglur kveða á um. Í þessum tveimur flokkum nefnda fóru samtals 15 af 32 nefndum yfir afgreiðslufrest, lögbundinn eða samkvæmt reglum, í meirihluta mála. Í þessum hópi eru 9 nefndir sem fengu aðeins eitt eða ekkert mál til meðferðar þannig að eftir standa 23 nefndir með meira en 1 mál. Af þessum 23 nefndum var afgreiðslutími meirihluta mála hjá 15 nefndum lengri en lögmæltur frestur eða frestur samkvæmt reglum.

Nefndirnar sem athuginin tók til leituðu umsagna í 85,6% þeirra mála sem þær fengu til meðferðar. Að teknu tilliti til nefndar sem aðeins skilaði gögnum fyrir fyrra könnunartímabilið leita nefndir með lögmæltu fresti umsagnar í 86-88% mála. Hjá nefndum með reglur um afgreiðslufresti er hlutfallið svipað á fyrra tímabilinu en nokkru hærra á því síðara. Nefndir sem hvorki hafa lögmæltan afgreiðslufrest né reglur afgreiða hlutfallslega miklu fleiri mál án umsagna en nefndir í hinum flokkunum tveimur. Hlutfallið var 58% á fyrra tímabilinu en liðlega 54% á því seinna.

Í liðlega 68% mála þar sem umsagnar var óskað var það gert 0-7 dögum eftir að málsmeðferð hófst. Á fyrstu tveimur vikum málsmeðferðar var umsagnar leitað í 84,5% mála og að mánuði liðnum var hlutfallið komið upp í 92,6%. Samtals voru 116 mál eða 7,4% send til umsagnar eftir að mánuður var liðinn frá upphafi málsmeðferðar. Ekki liggur fyrir í hve mörgum þessara mála einhver vinna fór fram áður en umsagnar var óskað.

Framkvæmd álitsumleitana er í mun fastari skorðum hjá nefndum með lögmæltan afgreiðslutíma en hjá nefndum í hinum flokkunum tveimur. Hjá nefndum með lögmæltan tíma var búið að senda nær 71% mála í umsögn þegar vika var frá upphafi málsmeðferðar. Hjá nefndum með reglur var þetta hlutfall 65% og hjá nefndum án reglna um afgreiðslutíma tæplega 51%. Eftir tvær vikur voru nefndir með



lögmæltu fresti komnar í 87%, nefndir með reglur í liðlega 80% en nefndir án reglna í tæplega 67%. Í þessum síðasta flokki fóru 8,7% mála ekki í umsögn fyrir en meira en 3 mánuðir voru liðnir frá upphafi málsmeðferðar.

Setning fresta er eins og framkvæmd álitsumleitana í mun fastari skorðum hjá nefndum með lögmæltan afgreiðslufrest en hjá nefndum í hinum flokkunum tveimur. Nefndir með lögmæltan frest setja umsagnaraðila frest til að láta umsögnina í té í um 98% mála. Að teknu tilliti til nefnda sem ekki skiluðu gögnum fyrir síðara könnunartímabilið setja nefndir með reglur um afgreiðslutíma umsagnaraðila frest í 76% mála en nefndir án reglna gera það aðeins í liðlega 63% mála.

Að mínu mati hefði verið ástæða til að tilkynna málsaðila um tafir á vinnslu 785 mála samtals á báðum könnunartímabilum. Það var aðeins gert í 75 málum eða 9,6%. Nefndir með lögmæltan afgreiðslufrest tilkynntu um tafir í liðlega 13% tilvika þar sem ástæða var til á fyrra könnunartímabilinu en í innan við 5% tilvika á seinna tímabilinu. Nefndir með reglur um afgreiðslutíma tilkynntu um tafir í liðlega fimmtungi mála þar sem ástæða var til þess á fyrra tímabilinu en á seinna tímabilinu í tíunda hluta mála þar sem ástæða var til. Mál þessara nefnda þar sem reyndi á regluna um tilkynningu um tafir eru reyndar fá en athyglisvert er að í báðum flokkum er fylgni við regluna til muna lakari á síðara könnunartímabilinu en á því fyrra.

Af þeim 75 málum þar sem nefndirnar tilkynntu málsaðila um tafir var í 70 málum jafnframt upplýst hverjar ástæður tafanna væru. Í 5 málum var það ekki gert. Í tveimur af hverjum þremur málum, 50 af 75 var jafnframt gerð grein fyrir því hvenær niðurstöðu væri að vænta. Í 25 málum af 75 var ekki sagt hvenær áformað væri að niðurstaða lægi fyrir.

Á næstu síðum eru töflur yfir þær nefndir sem athuginin tók til og hvenær þær hófu störf. Fyrst er yfirlit yfir málafjölda, meðalafgreiðslutíma og fleira hjá nefndum með lögmæltan afgreiðslufrest, þá hjá nefndum þar sem afgreiðslutími er ákveðinn í reglugerð eða þær hafa sett sér reglur um afgreiðslutíma og einnig er tafla með upplýsingum um aldur, málafjölda og meðalafgreiðslutíma hjá nefndum sem starfa án reglna um afgreiðslutíma.

Tafla 5.1.

## Nefndir með lögæltan afgreiðslufrest

Nafn	Upphaf	Fjöldi mála	Afgr.tími skv. lögum dagar	Meðalafgr. tími dagar	Afgr. innan frests %	Afgr. utan frests %
Áfrýjunarn.þjóðk.	1998	1	42	53		100
Mannanafnan.	1991	63	28	19	73	27
Kærun.barnav.m.	2002	10	92	87	87,5	12,5
Kærun.fjöleignah.	1995	62	61	92	15,5	84,5
Kærun.húsaleigum.	1995	10	61	123	22	78
Kærun.húsnæðism.	1999	5	56	52	50	50
Úrsk.n.félagspjón.	1991	59	92	166	21	79
Úrsk.n.fæð.-foreld.	2000	55	61	125	20	80
Kærun.útboðsmála	2001	42	31 e.g.*	86/36	75	25
Ríkistollanefnd	1987	15	30 e.g.*	86/26	78,6	21,4
Yfirfasteignamatsn.	1945	24	92	154	29	71
Yfirskattanefnd	1932	604	182 e.g.*	264/195**	43,3	56,7
Úrsk.n.almannatr.	1999	360	61	60	67,6	32,4
Úrsk.n.um fósture.	1975	25	7	0	100	
Áfr.n.samkeppnism.	1993	13	42	49	33,3	66,7
Kærun.v/Fjárm.e.	1999	3	56	70		100
Úrsk.n.raforkumála	2003	0	61			
Yfirmatsn.ábúðarl.	2000	1	28 f.sk.			
Ullarmatsnefnd	1990	0	30			
Úrsk.n.póst-og fj.	1999	8	56	55	33,3	66,7
Úrsk.n.siglingam.	2001	0	21			
Úrsk.n.sjóm.útv.	1998	4	21	5	100	
Úrsk.n.holl.meng.	1981	12	28	211		100
Úrsk.n.skipul.bygg.	1998	90	92	231**	19	81

\* e.g. eftir að gögn hafa borist

\*\* Allmörg mál óafgreidd og meðalafgreiðslutími verður því talsvert lengri en hér kemur fram.

Tafla 5.2.

## Nefndir með reglur um afgreiðslutíma

Nafn	Upphaf	Fjöldi mála	Afgr.tími	Meðalafgr.	Afgr.	Afgr.
			skv. reglum dagar	Tími dagar	innan frests %	utan frests %
Úrsk.n.áfengismála	1998	1	92	70	100	
Kærun.jafnréttism.	1991	13	92	196	7,7	92,3
Úrsk.n.atvinnul.bóta	1997	61	21 e.g.	28/16	84,2	15,8
Áfrýjunarn.hugverkar.	1991	27	61-122 e.g.	447/84*	58,3	41,7
Kærun.lausaf.þjónk.	2000	9	56	197	33,3	66,6
Úrsk.n.búvörulaga	1981	3	21 e.g.	96/56		100
Áfr.n.háskólanema	1999	0	61-92			
Útvarpsréttarn.	1985	52	14-31	15/96	54	46

\*Öll mál á seinna könnunartímabili óafgr. og afg.tími því lengri en hér er sýnt.

**Tafla 5.3.****Nefndir án reglna um afgreiðslutíma**

<b>Nafn</b>	<b>Upphaf</b>	<b>Fjöldi mála</b>	<b>Meðalafgr. tími</b>
Úrsk.n. um upplýsingam.	1997	54	69/26
Bótanefnd v/polenda afbr.	1996	88	129
Matsn.eignarnámsbóta	1973	14	202
Nefnd um dómarastr.	1998	2	53
Kjaranefnd	1992	111	80
Úrsk.n.tækniþróvngun	1975	1	57
Úrsk.n.um vog, mál, fagg.	1993	0	
Úrsk.n. Viðlagatr. Ísl.	1993	1	775
Úrsk.n.verðbr.miðst.	1998	0	
Yfirmatsn.lax-silungsveiði	1941	0	
Málsk.n. LÍN	1997	9	103
Úrsk.n.höfundarr.	1992	0	
Úrsk.n.v/ólögm.sjávaraflla	1992	0	
Kaupskrárnefnd	2000	10	110
Kærunefnd kaupskr.	2000	1	237
Skaðabótanefnd	1951	17	151

## 6. Tilmæli.

Viðfangsefni í þessu álit er fyrst og fremst að birta niðurstöður þeirrar athugunar sem ég hef gert á afgreiðslutíma mála hjá þeim 48 sjálfstæðu stjórnsýslu- og úrskurðarnefndum sem athugunin tók til. Hér að framan hefur verið lýst niðurstöðum athugunarinnar og þær nefndir sem í hlut eiga geta einnig af upplýsingum sem hér koma fram gert sér grein fyrir að hvaða marki störf þeirra á þeim tímabilum sem athugunin tók til voru í ósamræmi við gildandi lagareglur. Ég hef ekki upplýsingar um hvort bætt hafi verið úr þeim annmörkum á málshraða hjá einstökum nefndum sem fram koma í þessari athugun en að því marki sem þessir annmarkar eru enn til staðar eru það tilmæli mín að úr þeim verði bætt.

Reykjavík, 7. nóvember 2006.

Tryggvi Gunnarsson.

**Skrá yfir myndir og töflur.**

Mynd 1.1. Fjölgun nefnda 1976-2006.	4
Tafla 2.1. Skipting mála eftir könnunartímabilum og reglum um afgreiðslutíma.	11
Mynd 2.2. Skipting mála eftir reglum um afgreiðslutíma.	11
Mynd 2.3. Skipting mála eftir reglum um afgreiðslutíma.	12
Mynd 2.4. Skipting mála eftir reglum um afgr.tíma – gefnar forsendur.	13
Tafla 2.5. Flokkun nefnda eftir málafjölda.	13
Mynd 2.6. Málafjöldi eftir flokkum nefnda.	14
Mynd 3.1. Afgreiðslutími m.t.t. lögmæltis frests.	16
Mynd 3.2. Afgreiðslutími m.t.t. reglna.	16
Mynd 3.3. Afgr.tími m.t.t. lögmæltis frests og reglna.	17
Mynd 3.4. Afgreiðslutími mála í mánuðum.	18
Tafla 3.5. Afgreiðslutími allra mála.	19
Tafla 3.6. Afgreiðslutími nefnda m.t.t. flokka.	20
Tafla 4.1.1. Fjöldi og hlutfall álitsumleitana.	23
Tafla 4.1.2. Hvenær umsagna var leitað – fjöldi mála.	24
Tafla 4.1.3. Hvenær umsagna var leitað – fjöldi mála.	25
Tafla 4.1.4. Hvenær umsagna var leitað m.t.t. reglna um afgr.tíma.	26
Tafla 4.2.1. Setning fresta m.t.t. reglna um afgreiðslutíma.	27
Tafla 4.2.2. Setning fresta – að gefnum ákv. forsendum.	28
Tafla 4.3.1. Tilkynningar um tafir.	29
Tafla 5.1. Nefndir með lögmæltan afgreiðslutíma, aldur og störf.	34
Tafla 5.2. Nefndir með reglur um afgreiðslutíma, aldur og störf.	35
Tafla 5.3. Nefndir án reglna um afgreiðslutíma, aldur og störf.	36